



Áveitan

5. tbl. 11. árgangur. Maí 2017

Leikjanámskeið í júní

Umf. Þjótandi stendur fyrir leikjanámskeiði í júní eins og undanfarin ár. Kennt verður á íþróttasvæðinu við Þjórsárver dagana 6.-16. júní alls 9 skipti frá kl. 9:00-11:30. Námskeiðið er ætlað börnum á aldrinum 6-12 ára.

Kennarar verða Örvar Rafn Hlíðdal og Unnur Bjarkadóttir og eru þau byrjuð að taka við skráningum. Námskeiðið verður betur auglýst í næstu Áveitu og á facebooksíðu félagsins.

Stjórnin

Maí-mótaröð Umf. Þjótanda

Nú er farin af stað Maí-mótaröð Umf. Þjótanda en um er að ræða frjálsíþróttakeppni sem fer fram á íþróttæfingum í maí. Keppt er í einni til tveimur greinum á hverri æfingu í mánuðinum og allir keppendur fá síðan viðurkenningu með sínum árangri á lokahófi/lokaæfingu vetrarins.

Þar að auki fer fram stigakeppni milli keppenda á mótinu og stigahæsti keppandi á hverju skólastigi fær sérstaka viðurkenningu.

Vonandi mun þessi keppni mælast vel fyrir og lífga uppá síðasta mánuð vetrarstarfsins.

Þjálfari

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Ragnar Sigurjónsson
icegordon@gmail.com
S. 820-3565

löunn Ýr Ásgeirsdóttir
idunnyr84@gmail.com
S: 865-1454

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is
S. 892-4155

Frá sveitarstjóra

Ágætu íbúar

Á sameiginlegum fundi fræðslunefndar Flóahrepps og sveitarstjórnar Flóahrepps dags. 03.05.2017 var eftirfarandi bókað: „Rætt um velferð nemenda og ábyrgð fullorðinna á umræðunni um skólann þeirra. Sveitarstjóra sem á yfirstandandi tíma gegndi stöðu skólastjóra, var falið að senda erindi til foreldra og tilkynningu í Áveituna um stöðu mála í Flóaskóla.“

Skólastjóra Flóaskóla hefur verið sagt upp störfum. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir. Þar sem skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri stoðþjónustu tilkynntu forföll í upphafi vikunnar þá var sveitarstjóra falin stjórn skólans þann tíma. Aðstoðarskólastjóri hefur nú mætt til starfa aftur og tekið við stjórn Flóaskóla.

Ungmennaráð Flóahrepps

Ungmennaráð Flóahrepps fundar í fyrsta skipti með sveitarstjórn Flóahrepps miðvikudaginn 10. maí. Við bjóðum fulltrúana velkomna til starfa með okkur.

Vinnuskóli – umsóknir

Flokkstjóri unglíngavinnunnar verður Árni Geir Hilmarsson. Við hvetjum ykkur til þess að sækja um og taka þátt í skemmtilegu og gagnlegu starfi fyrir sveitarfélagið ykkar.

Umsóknareyðublöð fyrir þá sem óska eftir að starfa í vinnuskóla Flóahrepps er að finna á heimsíðu sveitarfélagsins og skrifstofu Flóahrepps.

Umsóknarfrestur er til 15. maí.

Stefnt er að því að bjóða upp á garðslátt og hirðingu gegn vægu gjaldi þar sem þess verður óskað.

Það styttist í hátíðina Fjör í Flóa sem Menningarnefnd Flóahrepps undirbýr af krafti ásamt kvenfélagunum, Ungmennafélaginu Þjótanda og starfsmönnum

sveitarfélagsins. Hátíðin hefur öðlast fastan sess í dagatalinu, síðustu helgina í maí. Dagskrá hátíðarinnar er auglýst nánar í Áveitunni og fjölmiðlum þegar nær dregur. Ég hvet ykkur til þess að taka hvíld frá daglegu amstri, mæta á sem flesta viðburði og taka með ykkur gesti og góða skapið.

Íbúafundur í Þingborg

Ákveðið er að halda íbúafund í Þingborg 8. maí klukkan 20:00. Á dagskrá er ársreikningur Flóahrepps fyrir árið 2016 sem hefur nú verið samþykktur og önnur mál.

Vorhreinsun

Aftur er minnt á að vorhreinsun í Flóahreppi verður með svipuðu sniði og undanfarin ár. Gámar verða staðsettir á pláni við Heiðargerði og við Félagslund. Flóahreppur býður upp á járna- og timburgáma til átaksverkefna heima á bæjum sé um mikið magn að ræða. Tímabilið sem gámar verða í boði er frá **17. maí – 24. maí**. Við hvetjum ykkur til þess að nýta ykkur þessa þjónustu. Gott er að gámar sem óskað er eftir að fari heim á bæi séu pantaðir með góðum fyrirvara til þess að auðvelda skipulagningu á akstri.

Sveitarstjóri Flóahrepps

Hreyfivika UMFÍ

Hreyfivika UMFÍ fer fram dagana 23.-29. maí og er partur af evrópskri lýðheilsuherferð sem hefur það að markmiði að fjölga þeim sem hreyfa sig reglulega. Hreyfivikan stendur einmitt yfir þegar Fjör í Flóa er í gangi og verða tveir viðburðir Fjörsins tengdir verkefninu. Annarsvegar er um að ræða gönguferðina á föstudagskvöldinu og hinsvegar Brokk og skokk keppnina á sunnudeginum. Við í Ungmennafélaginu Þjótanda viljum hvetja sem flesta til að taka þátt í þessum hreyfi-viðburðum og að hreyfa sig sem mest í Hreyfivikunni allri sem og aðra daga. Regluleg hreyfing gerir öllum gott! Nánari upplýsingar um hreyfivikuna má sjá á www.umfi.is/hreyfivika-umfi.



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

Plöntuskiptimarkaður og skógarferð

Við í Skógræktarfélagi Villingaholtshrepps ætlum að standa fyrir plöntuskiptimarkaði á Fjör í Flóa 2017. Nú er rétti tíminn til að lífa í kringum sig og kanna hvort ekki sé einhversstaðar þörf á grisjun. Hver sem er getur komið með plöntur á markaðinn og fengið þeim skipt fyrir aðrar. Einnig verður tekið við plöntum sem fólk vill losa sig við og hægt verður að kaupa plöntur á markaðinum fyrir lítið. Allur ágóði mun renna til félagsins.

Þeir sem ætla að koma með plöntur skulu hafa þær stakar í pottum eða pokum til að auðvelda skiptin.

Í byrjun júní er áætlað fara að í skógarferð eitt kvöldið upp í Haukadal, ganga um skóginn, fræðast um hann og borða nesti. Leiðsögn verður í höndum Lenu í Orrustudal. Allir eru velkomnir að koma með og eiga með okkur notalega kvöldstund. Nánari tímasetning verður auglýst þegar nær dregur en það mun ráðast af veðurspá hvenær farið verður.

Stjórn Skógræktarfélags Villingaholtshrepps

Tré og list

Fjör í Flóa - Tré og list verður með opið frá kl 13-17 yfir hátíðina.

Föstudaginn 26. maí frá kl 17-19 opnar málverkasýningin Hraunland eftir Hans Alan frá Austurbæ í Flóahreppi. Myndirnar á sýningunni eru öll olíu málverk og málaðar undir berum himni á Suðurlandi. Viðfangsefnið er í flestum tilfellum hraunlandslagið og ólíkar birtingarmyndir þess. Hans Alan er með BA í myndlist frá Listaháskóla Íslands. Hann hefur lokið fornámi í Myndlista og Handíðaskóla Ísland sem og setið námskeið í teikningu og málun í Myndlistaskóla Reykjavíkur. Sýningin Hraunland er níunda sýningin hans.

Allir eru hjartanlega velkomnir.

Pistillinn

Ég ætla að þakka honum þakka mínum, Steindóri fyrir að skora á mig og vera duglegur að minna mig á að skila pistlinum inn, það rétt hafðist á síðustu stundu.

Ég heiti Margrét Helga Steindórsdóttir og er fædd og uppalin á Hrygg 2, eða svo gott sem. Ég hef búið í Hraungerðishrepp og nú Flóa síðan ég var 6 ára, minn skólaferill byrjaði í Þingborgarskóla, sem varð Flóaskóli, fór svo og kláraði stúdentinn á Laugarvatni og er núna að læra hárgreiðslu í Tækniskólanum. Af þeim ástæðum er ég búsett í Reykjavík um stundar sakir, en það er af brýnni nauðsyn. Ég get ekki beðið eftir þeim degi þegar ég yfirgef blessaða borgina, því þegar ég kem heim um helgar þá fyrst á ég glaðan dag. Spennan byrjar um leið og Rauðavatn er í baksýnisspeglinum. Heiðin þýtur hjá á örsskömmum tíma, gullvagninn rennur ljúft niður kambana og lullar fram hjá Hveragerði, mögulega stutt stopp á Selfossi en helst ekki samt, því sveitasælan bíður mín heima. Jæja þetta er kannski ekki alveg svona slæmt, en mikið hlakka ég samt til að komast heim, og ekki bara um helgar.

Mig langar að skora á vin minn hann Svein Orra Einarson, betur þekktan sem Svenna Stuð.

Margrét Helga Steindórsdóttir

Umf. Þjótandi á handboltamóti

Handboltalið Umf. Þjótanda sem samanstóð af strákum fæddum 2005 og 2006 tók þátt í handboltamóti í Íþróttahúsi kennaraháskólans laugardaginn 29. apríl. Liðinu gekk vel en þeir spiluðu fjóra leiki. Þar af unnu þeir tvo og náðu einu jafntefli. Þjálfari var Árni Geir Hilmarsson og sjúkrapjálfari Sölvi Ólafsson. Glæsilegur árangur!

Aðalfundur Flóakorns verður haldinn þriðjudaginn 30. maí 2017 kl 20.30 á Stóra-Ármóti.

Dagskrá venjuleg aðfundarstörf.

Stjórnin.

Víðavangshlaup- Úrslit

Víðavangshlaupið fór fram á sumardaginn fyrsta og létu keppendur ekki rok og éljagang hindra sig í að mæta á svæðið. Það komu þó engin él á meðan hlaupinu stóð og allir komust klakklaut í mark. Allir keppendur fengu verðlaun fyrir þátttökuna og fyrsti karl og fyrsta kona fengu farandbikar. Að þessu sinni voru það þau Dagur Fannar Einarsson og Soffía Náttól Andradóttir. Hér eru úrslit hlaupsins:

1.	Dagur Fannar Einarsson	'02	5:33mín
2.	Sigurjón Reynisson	'05	6:13mín
3.	Soffía Náttól Andradóttir	'06	7:15mín
4.	Arnór Leví Sigmarsson	'07	7:34mín
5.	Helgi Reynisson	'08	8:21mín
6.	Hjalti Geir Jónsson	'06	8:33mín
7.	Kristófer Máni Andrason	'10	9:11mín
8.	Karólína Þórbergsdóttir	'09	9:12mín
9.	Ólafur Veigar Kárason	'08	9:23mín
10.	Bjarki Rafn Reynisson	'10	9:45mín
11.	Pia Rennings	'99	10:01mín
12.	Markús Ívarsson	'47	10:29mín
13.	Hugrún Svala Guðjónsdóttir	'09	11:01mín
14.	Þorgerður Kolbrá Hermundsd.	'09	11:04mín
15.	Hermundur Guðsteinsson	'80	11:05mín
16.	Guðjón Birgir Þórisson	'78	11:06mín
17.	Kristín Stefánsdóttir	'48	11:30mín
18.	Hrafnkell Hilmar Sigmarsson	'10	12:12mín
19.	Sigmar Örn Aðalsteinsson	'83	12:13mín
20.	Þórarinn Óskar Ingvarsson	'09	12:27mín
21.	Ólöf Vala Heimisdóttir	'06	13:14mín
22.	Elva Rún Heimisdóttir	'11	13:50mín
23.	Elín Bjarnveig Sveinsdóttir	'60	13:59mín
24.	Heinz Jóhann Brynjólfsson	'04	13:59mín
25.	Heimir Rafn Bjarkason	'82	14:07mín
26.	Sigrún Helgadóttir	'83	14:07mín
27.	Reynir Bjarkason	'79	14:16mín
28.	Arnar Alex Reynisson	'14	14:17mín
29.	Thelma Dröfn Ásmundsdóttir	'85	14:17mín
30.	Ásta Björg Jónsdóttir	'10	14:17mín
31.	Kolbrún Katla Jónsdóttir	'01	14:17mín
32.	Valgerður Gestsdóttir	'57	14:40mín

33.	Nadine Stehle	'98	14:45mín
34.	Aldís Tanja Sigmarsdóttir	'05	15:05mín
35.	Aðalsteinn Sveinsson	'59	15:19mín
36.	Elmar Snær Árnason	'13	16:30mín
37.	Rannveig Árnadóttir	'67	16:13mín
38.	Lilja María Axelsdóttir	'12	16:58mín
39.	Páll Axel Axelsson	'14	17:21mín
40.	Elísabet Thorsteinsson	'91	17:21mín
41.	Axel Páll Einarsson	'87	17:21mín
42.	Örvar Rafn Hlíðdal	'84	17:43mín
43.	Valgerður Björk Örvarsdóttir	'14	17:51mín
44.	Unnur Bjarkadóttir	'86	17:52mín
45.	Kristján Reynisson	'13	18:40mín
46.	Faney Ólafsdóttir	'80	18:41mín
47.	Guðbjörg Erla Annýjardóttir	'12	23:03mín
48.	Ottó Ingi Annýjarson	'12	23:03mín
49.	Anný Ingimarsdóttir	'68	23:03mín
50.	Elín Dóra Þorsteinsdóttir	'14	23:06mín
51.	Þorsteinn Logi Einarsson	'82	23:06mín
52.	Cathy Krentel	'90	23:06mín
53.	Alda Gyða Stefánsdóttir	'14	23:19mín
54.	Stefán Ágúst Hafsteinsson	'81	23:20mín

Flöskusöfnun 10. bekkjar

Nemendur 10. bekkjar í Flóaskóla eru á ferðinni í hinni árlegu flöskusöfnun þessa dagana. Söfnunin er liður í fjáröflun þeirra fyrir útskriftarferð í vor.

Frá Hrossaræktarfélagi Villingaholtshrepps

Félagar í Hrossaræktarfélagi Villingaholtshrepps eru minntir á að borga árgjaldið sem fyrst. Gjaldið er 1.000 kr.

Leggja skal inn á reikning 0152-26-007999 Kt: 6408090270. Muna að setja nafn sitt í skýringu.

Gjaldkeri.

Reiðnámskeið Sleipnis

Reiðnámskeið Sleipnis verður haldið í Vallartröð 4 á Selfossi í sumar. Umsjónarmaður er Oddný Lára Guðnadóttir. Oddný er menntaður hestafræðingur og leiðbeinandi frá Háskólanum á Hólum í Hjaltadal og hefur haldið allmörg reiðnámskeið með góðum árangri í gegnum árin. Skráning er hafin í síma 8479834 eða á oddnylara(hja)floaskoli.is einnig er til síða á feisbúkk sem heitir einfaldlega Reiðskóli Sleipnis endilega læka hana þar koma fram allar upplýsingar og myndir af námskeiðum;) Börn læra grunnatriði í hestamennsku, stjórnun og ásetu. Farið verður í útreiðartúra ásamt uppákomum í reiðhöll. Innifalið í verði er aðgangur að hesti, reiðtygjum og hjálmi. Öll börn frá viðurkenningarskjal með mynd af sér og hestinum í lok námskeiðis.

Fyrir 6-8 ára. 5 daga námskeið kostar 11.000 kr.

5.-9. júní kl. 09:00-10:00 eða 10:30-11:30 eða 12:30-13:30
12.-16. júní kl. 09:00 – 10:00 eða 10:30-11:30 eða 12:30-13:30
19. – 23. júní kl. 14:00-15:00
26. –30. júní kl. 14:00 – 15:00
3.-7. júlí kl. 14:00-15:00
10. – 14. júlí kl. 14:00-15:00

Fyrir 9 ára og eldri. 10 dagar 22.000 kr.

19.-30. júní kl. 09:00 – 10:30 eða 11:00-12:30
3.-14. júlí kl. 09:00- 10:30 eða 11:00-12:30

AFMÆLIS- OG STYRKTARTÓNLEIKAR

Í tilefni af 50 ára afmæli Árnesingakórsins í Reykjavík verða haldnir afmælistónleikar í Langholtskirkju miðvikudaginn 17. maí kl 20:00. **Einnig verða haldnir tónleikar til styrktar nýrrar byggingar hjúkrunarheimilis á Selfossi. Tónleikarnir verða haldnir að Borg í Grímsnesi 20. maí n.k. klukkan 16:00.**

Allur ágóði mun renna til hjúkrunardeildanna Fossheima og Ljósheima á Selfossi. Hægt er að tryggja sér miða á tónleikana á kor@kor.is

Árnesingakórinn í Reykjavík

Brokk og skokk

Ungmennafélagið Þjótandi ætlar að halda keppni í „Brokk og skokk“ á sveitahátíðinni Fjör í Flóa. Keppnin fer fram á bökkum Þjórsár neðan við Þjórsárver, en keppnin verður ræst á síðarnefnda staðnum. Mæting er á bílastæðið við Þjórsárver. Keppnin mun fara fram á sunnudaginn 28. maí kl 11:00. Ungmennafélagið hélt keppnina í fyrsta sinn á síðasta ári og vakti hún mikla lukku.

Brokk og skokk er liðakeppni, þar sem hvert lið skipa 2 einstaklingar ásamt einum hesti. Einstaklingarnir skiptast á að sitja hestinn og hlau- pa. Keppt verður í tveimur flokkum, það er annars vegar fjölskylduhringur og hinsvegar íþróttahringur.

Í íþróttahringum sem er um 6 km að lengd eru allir keppendur ræstir samtímis. Á leiðinni eru fimm fyrirfram ákveðnar skiptistöðvar, það verður að skipta á að minnsta kosti fjórum þeirra. Sem sagt sá sem rí- ður hestinum af stað skilur hestinn eftir á fyrstu skiptistöð og hleypur áfram. Svo þegar sá sem hljóp af stað fyrsta legginn kemur að fyrstu skiptistöð, þá tekur hann hestinn og ríður áfram. Og síðan koll af kalli, alla leið í mark. Eins og áður segir verður að skipta um knapa og hlau- para á að minnsta kosti 4 skiptistöðvum. Það lið sem er síðan fyrst í mark, með báða liðsmenn, vinnur. Í fjölskylduhringum sem er um 2 km að lengd, eru engar skiptistöðvar og heimilt er að teyma börn undir 8 ára aldri alla leiðina. En séu börn kominn yfir 8 ára aldur, þá verður að skipta að minnsta kosti einu sinni um knapa. Það má gera hvenær og hvar sem er í brautinni.

Keppendur mæta sjálfir með hesta til keppninar og er öllum keppen- dum skylt að bera hjálma. Auk þess þurfa keppendur að klæðast gulum vestum sem Þjótandi mun útvega. Gott væri ef þeir keppendur sem ætla að taka þátt væru búnir að skrá sig til leiks í seinasta lagi fimmtudaginn 25. maí hjá Jóni Gunnþóri í síma 773-4548. Hann gefur einnig nánari upplýsingar um keppnina. Skrá skal báða keppendur í hverju liði og hestinn. Einnig verður hægt að skrá sig á staðnum en betra er að fá skráningar inn fyrirfram. Fólk á öllum aldri er hvatt til að koma og vera með. Loftmyndir af leiðunum munu birtast á facebook síðu Þjótanda þegar nær dregur. Að lokinni keppni mun verða boðið upp á grillaðar pylsur með tilheyrandi meðlæti við Þjórsárver.

Umf. Þjótandi

Nýir gestir í görðum og gróðri - 1. –

Geitungar, bý og humlur -Gallagripir eða gæðaskepnur?

Með auknum innflutningi, hraðari samgöngum, stórvirkri flutningstækni og hlýnandi veðurfari aukast líkurnar á landnámi og útbreiðslu smádýra af ýmsu tagi. Fyrst og fremst fleygra skordýra. En einnig geta skríðandi kvikindi, s.s. sniglar og jafnvel hinn nýsjálenski flatormur slæðst með mold eða umbúðum sem legið hafa á jörð um einhvern tíma í útflutningslandinu. Þegar gámaflutningar voru komnir til sögunar seint á liðinni öld, leið ekki á löngu að geitungar og humlur af nýju tagi fóru að sjást hér og nema land. Ástæðan er að raufar og holrými utan á gámunum eru kjörnir vetursetustaðir fyrir kvenflugurnar, drottningarnar, til að setjast að í á haustin og falla þar í sinn vetrardvala.

En svo kemst hreyfing á gáminn, og einn góðan vordag er hann kominn í nýja höfn og geitungskellurnar og humludrottningarnar eru komnar í ný lönd og ríki, vegabréfslaust, og tilbúnar að stofna bú á þessum nýju slóðum. Oftast nær lukkast þeim vel og geta komið upp afkomendum sem svo aftur fjölgar og fyrr en varir er kominn upp dágóður stofn landnema, sem síðan er kominn til að vera.

Árferðið hefur þó sitt að segja. Sum ár er afkoman lítil og þá fækkar í stofninum. En önnur ár eru hagstæð svo að stofninn magnast – og útbreiðslan tekur kipp. Sem betur fer eru geitungar og humlur nytjaskepnur. Þótt þessar tegundir séu með eiturbrodd sem þær geta stungið með sér til varnar. Þá gerist það ekki nema að að þeim sé þrengt eða þær áreittar. Geitungar eru afar stórvirkir lirfu- og blaðlúsabandar og gera því gagn í skógrækt og garðyrkju. Humlurnar, þessar stóru hlussur, sjá um að frjógva blóm og bæta því úr fræframleiðslunni. Sem er alls ekki ónýtt þegar repjurækt er að aukast og virðist ætla að vera ábatasamur atvinnuvegur.

Náskyldar geitungum og humlum eru svo býflugur, tamda býið, sem byrjað er að rækta hér á Suðurlandi með góðum árangri. Býflugur skila verðmætu hunangi og hafa ekki síður jákvæð áhrif á afkomuna af repjuræktinni. Ef repjublómin frjógvast illa, verður minna framboð á repjuolíu úr fræjunum. Býflugur eru búfenaður, fluttar inn sem slíkar með öllum leyfum. Planið er að koma hér upp varanlegum og harðgerum stofni sem er vel varinn fyrir þeim kvillum sem hafa verið að herja á þeim erlendis undanfarin ár. Íslensku býflugurnar eru lausat við allt slíkt enn sem komið er. Vonandi verður svo áfram. Því er veigamikilið að enginn brjóti reglurnar með innflutninginn á þeim.

Og líkt og gildir um sauðfé utan girðinga er ekki gott að ráða við hvert þær leita sér fanga. Svo ef ef þið verðið vör við býflugur á repjuekrum, gróðurhúsum og berjalöndum þar sem frjóvgun skiptir miklu máli fyrir væntanlega uppskeru, þá látið þær fyrir alla muni vera í friði. Stundum kemur það fyrir að býflugur strjúka. Þá tekur ein ungdrottningin sig til og safnar um sig fylgi ungbarna og leitar út frá búinu, svermar. Ef þið komið að slíkum svermi, látið þá býbóndann vita eða setjið ykkur í samband við Félag býflugnabænda.

Hafsteinn Hafliðason – Næsti pistill um neikvæðari kvikindi.

Kvenfélag Villingaholtshrepps 100 ára

Skírnarkjöll félagsins

Það var á fundi í Þjórsárverri 9. maí 1978 sem Unnur Þórarinsdóttir á Urriðafossi bar fram tillögu um að kvenfélagið keypti skírnarkjól sem nota mætti ef með þyrfti þegar skírt er í Villingaholtskirkju. Samþykkt var að kaupa skírnarkjól og fela þeim Bergþóru og Önnu Guðbergsdætrum í Forsæti að sjá um kaup á honum.

Fundur í Þjórsárverri 9. nóvember 1978. Í fundargjörð er ritað:

“Bergþóra og Anna voru nú búnar að kaupa skírnarkjólinn fyrir kvenfélagið og komu með hann til að sýna félagskonum og bók sem þær keyptu til að skrifa nöfn þeirra barna sem skírd eru í kjólnum. Voru konurnar mjög ánægðar með kjólinn og þótti smekklegt að láta bókina fylgja. Formaður þakkaði þeim og bað Bergþóru að geima hvoru tveggja.”

Það var vel til fundið að láta bókina fylgja skírnarkjólnum, því að þar er saga kjólsins skráð. Það hafa 26 börn verið skírd í kjólnum. Í bókinni eru skráð nöfn barnanna og foreldra þeirra ásamt heimilisfangi. Einig fylgir alltaf mynd af barninu í skírnarkjólnum. Til að byrja með var ekki tekið sérstaklega fram hvort barnið var skírt í Villingaholtskirkju eða í heimahúsi, en síðar var farið að staðsetja athöfnina. Það hefur til dæmis barn verið skírt í kjólnum í Jónshúsi í Kaupmannahöfn, annað á Akureyri og í Oddakirkju á Rangárvöllum hefur kjóllinn verið notaður. Í dag er skírnarkjólinn geymdur í aðstöðuhúsinu við Villingaholtskirkju og hefur meðhjálpari kirkjunnar umsjón með honum.

Kristín Stefánsdóttir

Fjör í Flóa 2017

Nú styttist heldur betur í skemmtilegustu hátíð ársins og er komin góð mynd á dagskrána. Það er mikil gleði í vændum svo mikið er víst. Enn er hægt að bæta við dagskrárlíðum og hvetjum við alla þá sem vilja vera með, hvort sem það er sýning, viðburður, sala, uppistand eða hvað sem ykkur dettur í hug að hafa samband við okkur í menningarnefnd fyrir 12. maí. Iðunn (idunnyrasgeirsdottir@gmail.com), Sigurbára (sigurbara@floahreppur.is) eða Rósa (rosumatt@simnet.is).

Við hvetjum fleiri aðila sem eiga í fórum sínum gamla bíla, traktóra og aftan í tæki að hafa samband við Rúnar húsvörð í síma 898-2554.

Ef þið lumið á smádyrum og öðrum skepnum til að hafa til sýnis á hátíðinni s.s. hvolpum, kettlingum o.þ.h. megið þið gjarnan setja ykkur í samband við Ingibjörgu Einarsdóttur, húsvörð Þingborgar í síma 691-7082.

Menningarnefnd Flóahrepps

Dagskrá mánaðarins

Íbúafundur í Þingborg	8. maí
Æfing 8.-10. bekkur	9. maí
Æfing 5.-7. bekkur	10. maí
Æfing 8.-10. bekkur	16. maí
Æfing 5.-7. bekkur	17. maí
Hreinsunaráttak	17.-24. maí
Æfing 8.-10. bekkur	23. maí
Æfing 5.-7. bekkur	24. maí
Fjör í Flóa	26. –28. maí
Brokk og skokk	28. maí
Aðalfundur Flóakorns	30. maí



VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR